



Fyrsti fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2012 til 2013

haldinn 06.11.2012. kl. 08:10

Fundarstjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Fundaritari: Valdimar Víðisson.

Mættir: Erla Guðjónsdóttir – skólastjóri, Valdimar Víðisson – aðstoðarskólastjóri, Jón Guðmar Jónsson – fulltrúi grenndarsamfélags, Guðrún Einarsdóttir – fulltrúi kennara, Eva Egilsdóttir – fulltrúi kennara, Sigurveig Þormar – fulltrúi annarra starfsmanna, Ingibjörg Gunnarsdóttir – fulltrúi foreldra, Hanna Þráinsdóttir – fulltrúi nemenda og Óli Gunnar Gunnarsson – fulltrúi nemenda. Forföll: Elfa Rún Björnsdóttir – fulltrúi nemenda, Halldóra Hinriksdóttir – fulltrúi foreldra.

1. Skólastjóri býður nýtt skólaráð velkomið til starfa og dreifir reglugerð um starfsemi skólaráðs sem er kosið til tveggja ára. Skólastjóri vakti sérstaklega athygli á lið 2 í reglugerð sem snýr að skólanámskrá. Starfsáætlun ráðsins í vetur verði með venjubundnum hætti og fundað að jafnaði mánaðarlega.
2. Skólanámskrá Öldutúnsskóla 2012 til 2013. Fulltrúi foreldra vildi koma því á framfæri að námskráin er mjög góð og gefur góða innsýn í nám nemenda. Stærsta breytingin frá því á síðasta skólaári er sú að nemendur í 2. og 3. bekk fara í smiðjur í list- og verkgreinum. Tónmennt á miðstigi er þannig sett upp að tónmenntakennari og umsjónarkennari eru saman með einn tíma á viku. Nemendum á unglingastigi er boðin valgrein í lðnskólanum. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur fara í smiðjur og kynnist ýmsum iðngreinum.
Skólaráð leggur áherslu á að tjáning og framsögn verði gert hærra undir höfði í námskrá. Fulltrúi starfsmanna sagði frá verkefni sem er í Austurbæjarskóla þar sem kennari les sögu og nemendur leika söguna. Fulltrúi foreldra vildi koma því á framfæri að hann hafi séð meira af spuna og leiklist en áður. Fulltrúar nemenda vilja efla þennan þátt frekar, fara oftari í leikþætti og spunaverkefni. Fram kom að nemendur eru mjög ánægðir með smiðjur í list- og verkgreinum. Skólaráð beinir þeirri nauðsyn til skólayfirvalda að skiptistundum verði fjölgað til að efla list- og verkgreinakennslu enn frekar, en vegna niðurskurðar hafa verið færri tímar á viku í mörgum árgöngum en áður var.

Skjölín voru send í tölvupósti til skoðunar og gerir ráðið ekki athugasemdir við námskrána en hún verður áfram til umræðu í ráðinu í vetur.

3. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal foreldra sem gerð var 18. október sl. kynntar. Könnunin er 30 spurningar sem foreldrar barna í 4., 6. og 9. bekk eru beðnir að svara í tölvustofu um leið og þeir eru búnir í viðtölum. Þátttaka var fremur dræm en það voru 37% foreldra sem svöruðu.

Helstu þættir sem þar koma fram:

- 76% foreldra telja að barnið sitt skili góðum námsárangri.
- 21% foreldra telja að einelti þekkist varla og 62% að það sé lítið einelti.

- 92% foreldra eru sammála og frekar sammála því að það séu góð samskipti meðal nemenda. Fulltrúi nemenda sagði samskiptin almennt góð, hægt að tala við alla. Góður andi og góð samskipti meðal nemenda á unglíngaganginum.
- Rúmlega 90% foreldra telja að barninu sínu líði vel eða frekar vel í skólanum.
- 67% foreldra eru sammála því að umsjónarkennari hafi góða yfirsýn yfir þarfir barnanna.
- Rúmlega 95% foreldra telja að það sé góður eða frekar góður vinnufriður í bekknum.
- 97% foreldra finnst þau vera velkomin í skólann.
- Það hefur örlítið fækkað þeim foreldrum sem finnst skólinn taka tillit til óska og athugasemda sem þeir koma á framfæri.
- 98% foreldra telja að kennarar leggi metnað í að kennslan sé góð eða frekar góð.
- Almennt treysta foreldrar starfsmönnum skólans.
- Rúmlega 90% telja að skólinn njóti virðingar í samfélaginu.
- Foreldrar láta þá skoðun í ljós að skólayfirvöld mættu styðja betur við skólann.
- Foreldrum finnst ekki nóg gert fyrir bráðgera nemendur. Fulltrúi nemenda sagði að það væri komið ágætlega til móts við bráðgera nemendur á unglíngastigi en þyrfti að bæta það verulega á miðstigi. Fulltrúi foreldra vildi koma því á framfæri að dugmiklir nemendur þyrftu að fá að nema með sínum hraða og ekki takmarkað hvað þeir eigi að fást við, t.d. hvað varðar heimanám. Nauðsyn að markmiðabinda námið þannig hver og einn geti farið á sínum hraða gegnum námsið.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 4. desember.

Fundi slitið klukkan 09:10.
Valdimar Víðisson